

Jóhannes Nordal – fjölhæfur forystumaður

Erindi Jóns Sigurðssonar á ráðstefnu Hagfræðideildar Háskóla Íslands og Seðlabanka Íslands til heiðurs Jóhannesi Nordal í tilefni af níráðisafmæli hans 11. maí 2014. Ráðstefnan var haldin í Hátíðasal Háskóla Íslands, 9. maí 2014.

Það er mér sönn ánægja að taka þátt í þessari ráðstefnu til heiðurs Jóhannesi Nordal. Á löngum og gifturíkum starfsferli hefur Jóhannes verið mikill atkvæðamaður á mörgum sviðum íslensks samfélags. Þar ber auðvitað fyrst að nefna forystu hans fyrir Seðlabanka Íslands í meira en þrjátíu ár og mótandi áhrif hans á hagstjórn á Íslandi allan þann tíma og lengur þó. Hann var bankastjóri seðlabankadeildar Landsbanka Íslands frá 1959 og efnahagsráðgjafi ríkisstjórna áður en hann varð bankastjóri Seðlabankans við stofnun hans 1961 og formaður bankastjórnar frá 1964 til miðs árs 1993. Auk forystu í banka- og efnahagsmálum hafa Jóhannesi verið falin mörg önnur vandasöm störf. Hann var formaður stjórnar Landsvirkjunar frá stofnun 1965 til ársins 1995, auk þess sem hann var í forystu fyrir viðræðunefndum af Íslands hálfu um orkufrekan iðnað um áratuga skeið. Jóhannes var formaður hugvísindadeildar Vísindasjóðs frá 1958 til 1987 og stjórnar Vísindasjóðs frá 1987 til 1994. Um nokkurt árabíl var Jóhannes stjórnarformaður Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Forseti Hins íslenska fornritafélags er hann og hefur verið frá árinu 1969.

Fjármálatíðindi

Ritstörf Jóhannesar eru jafnfjölbreytileg og víðfeðm og störf hans og áhugamál, en auðvitað eru dagleg viðfangsefni hans þar fyrirferðarmest. Að loknu doktorsprófi frá London School of Economics í byrjun sjötta áratugar liðinnar aldar kom Jóhannes til starfa í Landsbankanum. Hann var stofnandi Fjármálatíðinda – sem Landsbankinn gaf upphaflega út, en Seðlabankinn síðar – og ritstjóri þeirra í fjóra áratugi, en tímaritið hóf göngu sína árið 1954. Enginn einn höfundur hefur lagt því merka riti til meira efni en Jóhannes. Auk lengri ritsmíða eru fjörutíu ára ritstjórnarskrif hans í Fjármálatíðindum mikilsverð heimild um hagsögu þess tíma. Þar fjallaði Jóhannes um efnahagsvanda líðandi stundar í stuttu máli með ljósum og skiljanlegum orðum. Þær greinar voru oft eins og gluggi til umheimsins – til þess sem á döfinni var í alþjóðæfnahagsmálum hverju sinni. Áður en greining á framvindu efnahagsmála tók að flæða yfir lönd fyrir tilstilli nýrrar upplýsingatækni var þessi sýn út á við mikilvæg – og oft skýrari en verður í síbylju síðari ára.

Í fyrstu ritstjórnargrein Fjármálatíðinda 1954 var tímaritinu sett það markmið „að birta aðgengilegar upplýsingar og greinar um efnahag þjóðarinnar og fjármál“, enda sé „nauðsynlegt að allur almenningur geri sér ljóst eðli þeirra vandamála, sem við er að etja“. Jóhannes lét sér alla tíð annt um þetta fræðsluhlutverk. Fjörutíu árum síðar skrifar hann forystugrein í síðara hefti fertugasta árgangs – hins síðasta sem hann ritstýrði – sem lýkur með þeim orðum að hann voni „að efni ritsins verði áfram með þeim hætti, að það eigi ekki eingöngu erindi til sérfræðinga, heldur leggi sitt af mörkum til þeirrar breiðu, upplýstu umræðu um efnahagsmál, sem ætíð hlýtur að verða ein af mikilvægustu forsendum farsællar hagstjórnar.“ Jóhannes hefur sannarlega lagt sitt af mörkum í þessu efni. Ritsmíðar hans um efnahagsmál eru í senn djarflegar og hófsamar, rökfastar og reistar á traustri þekkingu. Það er fáum gefið að skrifa um íslensk þjóðmál af svo skynsamlegu viti.

Ég ætla mér ekki þá dul að reyna í stuttu erindi að gera ítarlega grein fyrir áhrifum Jóhannesar á stefnuna í íslenskum efnahagsmálum þá áratugi sem hann var atkvæðamikill í forystu fyrir Seðlabanka Íslands og sem ráðgjafi ríkisstjórna, enda verður sú saga ekki rakin svo að gagni geti orðið nema um leið sé fjallað um heildarþróun efnahagsmála á seinna helmingi tuttugustu aldar. Á hinn bóginn ætla ég að víkja að nokkrum þáttum sem mér finnst lýsa afstöðu hans og hugmyndum um efnahagsmál og hagstjórn og vísa til skrifa hans um þau efni.

Höft eða frjáls viðskipti

Annað hefti fyrsta árgangs Fjármálatíðinda 1954 var helgað tveimur fyrirlestrum Pers Jacobsson sem var mikilsmetinn hagfræðingur, þá efnahagsráðunautur Alþjóðagreiðslubankans í Basel, en varð rúmu ári síðar framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington. Í ritstjórnargrein þessa heftis leggur Jóhannes út af kjarnanum í fyrirlestrum Pers Jacobsson á þennan hátt:

„Mikilvægasti lærdómurinn, sem menn hafa dregið af reynslu síðustu ára, er, að fjármálastefnan innanlands ræður mestu um það hver gjaldeyrisafkoman verður og hvort hægt er að reka frjáls viðskipti út á við; og það er ekkert í eðli hlutanna, sem veldur því að þjóðir þurfi að búa við höft og gjaldeyrisskort. ... Hver þjóð er í þessu efni fyrst og fremst sinnar eigin gæfu smiður, og hún verður sjálf að velja, hvort hún vill gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að geta tekið þátt í því að koma á viðskiptafrelsi meðal allra vestrænna þjóða. Íslendingar hljóta að spyrja sig þeirrar spurningar, hvort þeir séu ekki að verða eftirlegukindur í þróuninni í átt til frjálsra viðskipta ...“

Síðar í greininni bendir Jóhannes á að þrátt fyrir mikla gengislækkun krónunnar 1950, verulegt innstreymi óafturkræfra framlaga og lánsfjár frá öðrum löndum ásamt tekjum af varnarliðinu og framkvæmdum þess séu Íslendingar enn langt á eftir flestum öðrum Evrópuþjóðum í gjaldeyrismálum. Sá jöfnuður sem virtist hafa náðst gagnvart útlöndum á árunum 1952 og 1953 hafi verið byggður á stórkostlegum beinum og óbeinum útflutningsstyrkjum, niðurgreiðslu innlends verðlags, gjaldeyris- og innflutningshömlum, háum tollum og öðrum álögum á innflutta vöru. Í reynd var komið á fjölgengi, þ.e. ólíku gengi gagnvart erlendum gjaldmiðlum, sem var breytilegt – og mismunandi – eftir atvinnu- og viðskiptagreinum og vörutegundum. Jafnframt hafði æ meira af íslenskum útflutningi beinst til vöruskiptalandanna, og það fækkaði kostum landsmanna við val á innfluttri vöru. Miðstýring stjórnvalda réð viðskiptunum, en ekki frjálst val fólks og fyrirtækja. Þá var á það bent að flestar lýðfrjálsar þjóðir stefndu um þær mundir að því að koma á frjálsum gjaldeyrisviðskiptum til að hrista af sér haftabúskap heimsstyrjaldaráranna, og þess virtist ekki langt að bíða að því markmiði yrði náð. Hættan, sem yfir vofði, var sú að Íslendingar yrðu einir þjóða í hinum lýðfrjálsa heimi bundnir viðskiptahöftum. Til þess að komast hjá því hlutskipti þurftu að verða róttækar breytingar á stjórn efnahagsmála. Umfram allt væri nauðsynlegt að draga úr ofþenslu í þjóðarbúskapnum. Aðstæður voru í raun að mörgu leyti hagstæðar á þessum árum, gjaldeyrstekjur miklar og atvinna næg. Aðgerðir til að draga úr þenslu af völdum innlendra eftirspurnar með aðhaldi að opinberum fjármálum og útlánum bankanna þurftu því ekki að valda sérstökum vanda. Þrátt fyrir þessa herhvöt til stefnubreytingar – sem auk Jóhannesar var studd af ýmsum öðrum íslenskum hagfræðingum, svo sem prófessor Ólafi Björnssyni og dr. Benjamín Eiríkssyni – þokaðist lítt í þessa átt á allra næstu árum. Það var ekki fyrr en undir blálök sjötta áratugarins sem pólitískar forsendur urðu fyrir slíkri stefnubreytingu.

Viðreisnin

Þær forsendur fengust þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks var mynduð og tók við völdum í nóvember 1959 undir forsæti Ólafs Thors. Sú ríkisstjórn, sem nefnd hefur verið viðreisnarstjórnin, lagði þegar fram ítarlega og róttæka aðgerðaskrá til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Jóhannes Nordal og Jónas Haralz voru helstir ráðunautar viðreisnarstjórnarinnar í efnahagsmálum, bæði meðan á myndun hennar stóð og eftir að hún tók til starfa.

Viðreisnarstjórnin gerði þá grundvallarbreytingu á efnahagskerfinu að taka upp eitt gengi á krónunni í stað fjölgengis og ákvað að miða skyldi gengið við það að jafnvægi gæti náðst og haldist í

utanríkisviðskiptum. Um leið var fellt niður kerfi útflutningsbóta og innflutningsgjalda sem hafði skorið að mestu á tengslin milli erlends markaðsverðs og innlends verðlags og þannig komið í veg fyrir aðlögun að nýjum aðstæðum og hindrað eðlilega umbreytingu og eflingu atvinnuveganna. Í þessum aðgerðum fólst líka veruleg lækkun á gengi krónunnar. Jafnhliða voru gjaldeyris- og innflutningshöft afnumin í áföngum í eins ríkum mæli og frekast var unnt. Gildandi vöruskiptasamningar við nokkur lönd, einkum í Austur-Evrópu, ollu því þó að enn var innflutningur samkvæmt þeim háður leyfum. Þetta var öðru fremur gert til þess að binda þennan innflutning við jafnkeypslöndin – í raun til að tryggja íslenska útflutningshagsmuni. Þessum aðgerðum á sviði gengis- og gjaldeyrismála var fylgt eftir með því að freista þess að halda aftur af útlánum bankanna svo þau yrðu hamin innan þeirra marka sem framleiðsluaukning þjóðarbúsins setti. Undanfarin ár höfðu útlánin aukist úr hófi fram. Í sama skyni var það markmið ríkisstjórnarinnar að ekki yrði halli á ríkissjóði. Til þess að ná því marki var ný tekjuöflun nauðsynleg. Niðurstaðan varð sú að lagður skyldi á nýr skattur, söluskattur. Til þess að tryggja að viðreisnarráðstafanirnar yrðu í heild sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi ákvað ríkisstjórnin að hækka verulega bætur almannatrygginga, afla aukins lánsfjár til íbúðabygginga almennings, koma lánasjóðum atvinnuveganna á traustan grundvöll og endurskoða skattakerfið í því skyni að lækka – og helst afnema – tekjuskatt á venjulegar launatekjur.

Ríkisstjórnin ákvað einnig að láta gera árlega þjóðhagsáætlun sem skyldi verða leiðarvísir stjórnvalda og banka um markvissa stefnu í efnahagsmálum. Hún ákvað að beita sér fyrir eflingu atvinnuveganna um land allt og undirbúa nýjar framkvæmdir til að hagnýta náttúruauðlindir landsins. Hafist var handa um uppbyggingu orkufreks iðnaðar og hafinn undirbúningur viðræðna við markaðsbandalögin í Evrópu. Þegar á heildina er litið var hér um að ræða víðtækustu efnahagsráðstafanir sem nokkurn tíma hafði verið gripið til á Íslandi. Enda átti vandinn sem þeim var ætlað að leysa sér djúpar rætur, því að raunveruleg orsök hans var þrjátíu ára haftabúskapur.

Viðreisnarstjórnin gerði sér grein fyrir því að land sem byggi áfram við haftakerfi gæti ekki orðið aðili að viðskiptasvæðunum tveimur sem þá voru í mótun í Vestur-Evrópu, annars vegar Evrópubandalaginu, EBE, og hins vegar Evrópska fríverslunarsvæðinu, EFTA. Góð tengsl við þessi viðskiptasvæði voru – og eru – Íslendingum lífsnauðsynleg. Þess vegna var hafin vinna við undirbúning samninga við evrópsku markaðsbandalögin. Aðild Íslands að EFTA og víðtækir viðskiptasamningar við Evrópubandalagið var svo hvort tveggja staðfest í byrjun næsta áratugar.

Viðreisnin færði íslensk efnahagsmál vissulega nær þeirri skipan sem á var víðast í Vestur-Evrópu. En þegar að er gáð gengu þessar ráðstafanir þó helst til skammt. Verðlagshöft héldust enn óbreytt um margra ára skeið. Vextir voru lítt hreyfanlegir og lutu ákvörðunum stjórnvalda, en ekki framboði og eftirspurn. Gjaldeyrisverslun, þjónustuviðskipti og fjármagnshreyfingar milli Íslands og annarra landa voru ekki gefnar frjálssar. Útflutningur sjávarafurða var áfram háður leyfi stjórnvalda. Þetta fól í reynd í sér einkaleyfi fyrir helstu útflytjendur. Strangar hömlur héldust á erlendri fjárfestingu. Landbúnaðarstefna sem byggðist á niðurgreiðslum innlends vöruverðs, útflutningsuppbótum og innflutningsbanni á búvörum hélst óbreytt. Hagstjórnarhugmyndir frá kreppuárunum milli stríða reyndust furðu lífseigar.

Það er ekki fyrr en í lok níunda og í upphafi tíunda áratugar liðinnar aldar að brotið er í blað á ný í þessum efnum. Frelsi til fjármagnsviðskipta bæði innanlands og milli landa var aukið í áföngum. Verðlags- og samkeppnismál voru færð í betra horf en áður. Beiting vaxta fékk aukið hlutverk við stjórn peningamála. Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, EES, knúði á um frekari breytingar í frjálsræðisátt. Einn mikilvægasti áfanginn á þessari vegferð var án efa að frelsi til gjaldeyrisverslunar og langtímafjármagnshreyfinga milli Íslands og annarra landa var ákveðið með reglugerð sumarið 1990. Í kjölfarið voru gerðar breytingar á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og lögum um Seðlabanka Íslands árið 1992. Með þeim var frelsi í gjaldeyrisviðskiptum gert að meginreglu hér á landi og leiðin vörðuð að afnámi síðustu gjaldeyrishaftanna á næstu misserum. Vorið 1993 tóku svo gildi nýjar reglur um gjaldeyrismarkað sem fólu það í sér að Seðlabankinn skyldi halda gengi krónunnar innan tiltekinna marka frá viðmiðunargengi með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri á markaði, en ekki með einhliða ákvörðun. Enn fremur skyldi hann beita stjórnþækjum sínum í peningamálum til að hafa áhrif á skammtímavexti í landinu og þannig á framboð og eftirspurn eftir gjaldeyri. Ég átti sem viðskiptaráðherra afar gott samstarf við Jóhannes um þessar breytingar á regluumhverfi fjármagnsmarkaðarins. Þá var á vissan hátt lokið þeim breytingum sem herhvöt Jóhannesar á árinu 1954 um afnám hafta átti þátt í að hrinda af stað.

Enn er þó mikið verk að vinna á þessu sviði og nægir að nefna landbúnaðarstefnuna sem enn stendur í meginatriðum óhögguð, og síðast en ekki síst gjaldeyrishöftin sem sett voru til að bregðast við fjármálakreppunni 2008 og standa enn. Þau víkja til hliðar meginreglunni um frelsi til fjármagnshreyfinga. Það er nú afar brýnt að fundnar verði leiðir til þess að afnema gjaldeyrishöftin án þess að efnahags- og fjármálastöðugleika sé teflt í tvísýnu.

Sjálfstæður seðlabanki

Sjálfstæði seðlabanka er málefni sem Jóhannesi Nordal hefur lengi verið hugleikið. Reyndar hefur það mál verið ofarlega á baugi í þjóðmálaumræðunni að undanfögnu. En hverfum nú aftur til ársins 1959.

Það var hluti þeirrar aðgerðaáætlunar sem viðreisnarstjórnin lagði fram í upphafi að komið skyldi á fót sérstökum seðlabanka, án tengsla við helsta viðskiptabanka þjóðarinnar, Landsbankann, eða aðra viðskiptabanka. En seðlabanki hafði frá árinu 1957 verið sérstök deild í Landsbankanum. Ríkisstjórnin fól viðskiptaráðherranum, Gylfa Þ. Gíslasyni, ásamt Jóhannesi Nordal og Jónasi Haralz að semja frumvarp um stofnun sjálfstæðs seðlabanka. Fyrra fyrirkomulag hafði m.a. verið gagnrýnt fyrir það að seðlabankadeild Landsbankans hefði ekki sýnt nægilegt aðhald að útlánnum, einkum að því er snerti endurkaup afurðalána. Annað mikilvægt nýmæli í frumvarpinu, sem síðar varð að lögum, var að seðlabankinn skyldi hafa eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða og annarra innlánsstofnana. Þessar breytingar voru til mikilla bóta og til þess fallnar að efla traust á stjórn peningamála. Mjög var um það rätt hvert sjálfstæði seðlabankans gagnvart ríkisvaldinu skyldi vera. Ekki var þó deilt um það að Alþingi kysi bankaráð eða það að ráðherra bankamála skipaði þriggja manna bankastjórn. Hins vegar voru skiptar skoðanir um það hver skyldi vera réttur bankastjórnar til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir um stjórn peningamála, jafnvel þótt þær væru í andstöðu við vilja ríkisstjórnar. Niðurstaðan varð sú að bankinn skyldi hafa nána samvinnu við ríkisstjórn um stjórn peningamála og gera henni grein fyrir skoðunum sínum. Bankanum væri sem sjálfstæðum og sérfróðum aðila rétt að halda fram skoðunum sínum opinberlega, jafnvel þótt um ágreining við ríkisstjórn væri að ræða. Endanlegt vald til að móta stefnu í efnahagsmálum hlyti þó ætíð að vera hjá ríkisstjórn, og undir það hlyti seðlabankinn að beygja sig. Sumum gagnrýnendum seðlabankafrumvarpsins, sem varð að lögum 1961 – þeirra á meðal Ólafi Jóhannessyni, síðar forsætisráðherra – fannst þessi ákvæði í reynd gera bankann háðari ríkisstjórn en verið hafði, og betur færi á því að skipta valdi í peninga- og gjaldeyrismálum skýrar milli aðila, þannig að Seðlabankinn fengi eigin valdheimildir á mörkuðu sviði. Lagaákvæðin hvað þetta varðar héldust þó efnislega nánast óbreytt í fjórutíu ár frá 1961, eða þar til ný seðlabankalög voru sett árið 2001. Með þeim lögum var Seðlabankanum sett eitt meginmarkmið – að stuðla að stöðugu verðlagi – og honum jafnframt gefin heimild til þess – að fengnu samþykki ráðherra – að lýsa yfir tölusettu verðbólgu markmiði.

Í nágildandi seðlabankalögum má enn finna leifar af ákvæðunum frá 1961 þar sem segir „að Seðlabankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum“, en þessi setning er svo skilyrt með mikilvægri viðbót: „enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu“ – þ.e. að stuðla að stöðugu verðlagi. Með þessum ákvæðum er sjálfstæði bankans gagnvart ríkisstjórn mun skýrar skilgreint en fyrr að því er varðar verðstöðugleika sem markmið. En Seðlabankinn fæst við fleira en þetta eina verkefni. Spurningin um það hversu sjálfstæður Seðlabankinn skuli vera gagnvart ríkisstjórn er eitt þeirra álitaefna á sviði peningamála sem seint verða útkljáð.

Í grein sem birtist í Fjármálatíðindum 1990 fjallaði Jóhannes Nordal ítarlega um þetta efni. Hann bendir á þann kjarna máls „að verulegt sjálfstæði seðlabanka í stjórn peningamála sé varla raunhæfur kostur nema hin efnahagslegu markmið, sem honum ber að keppa að, séu skýrt skilgreind í lögum og njóti almenns stuðnings í viðkomandi samfélagi“. Bankanum verði ekki heldur falin ábyrgð á markmiðum efnahagsstefnunnar nema honum séu um leið fengin nægilega öflug úrræði til þess að ná settum markmiðum. Jóhannes leggur á það áherslu að þegar öllu sé á botninn hvolft sé aðeins eitt ríkisvald í hverju ríki. Fari svo að alvarlegur ágreiningur verði milli stefnu og aðgerða ríkisstjórnar og þeirra markmiða sem sjálfstæðum seðlabanka eru sett með lögum verði að vera til fyrirfram mótuð leið til úrlausnar. Til dæmis mætti hugsa sér að slíkum ágreiningi skuli vísa til úrskurðar löggjafans. Hvað sem öðru líður er ljóst að hér er um stjórnskipunarvanda að ræða sem verður aldrei að fullu leystur með ákvæðum laga eða reglugerða einum saman. Framkvæmdin hlýtur í reynd að mótast bæði af hefðum og breytilegum aðstæðum í þjóðfélaginu hverju sinni. Að baki býr þó jafnan sú meginhugmynd að seðlabanki geti verið sjálfstæður innan stjórnkerfisins, en ekki gagnvart því. Með því að fela hið samfélagslega vald fleirum en einum aðila – sem þó eru háðir almennum, lögbundnum eða hefðbundnum leikreglum – er leitast við að draga úr hættu á hæpnum ákvörðunum og auka réttaröryggi við meðferð og úrlausn einstakra mála. Forsenda fyrir sjálfstæði seðlabanka við stjórn peningamála er að ábyrgð hans og upplýsingaskylda gagnvart þjóðkjörnum fulltrúum sé skýrt mörkuð í löggjöf.

Fjármálakreppan sem skall á 2007-2008 hefur fært okkur heim sanninn um það að peningamálastefnan sem ruddi sér til rúms víða um lönd á áratugnum fram að kreppunni og þrástarði á markmið um litla verðbólgu, sem freistað skyldi að ná með vaxtabreytingar einar að vopni, gat ekki tryggt þann stöðugleika sem eftir var sóst. Með því að einblína á verðbólgu-markmið við mótun og framkvæmd peningamálastefnu á sama tíma og opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

einskorðast þröngt við það að líta eftir því að hvert einstakt fjármálafyrirtæki fylgi lögformlegum varúðarreglum er hætt við því að menn sjái ekki skóginn fyrir trjánnum. Það þarf að líta eftir fjármálakerfinu sem heild og tengslunum milli fyrirtækjanna innan þess – auk tengslanna milli fjármálakerfis og raunhagkerfis. Sé þessa ekki gætt myndast gloppa í heildarstjórn peningamála og fjármála sem getur komið mönnum í koll. Í aðdraganda fjármálakreppunnar var þessu einmitt þannig farið hér á landi eins og víða annars staðar. Þjóðir heims leitast nú við að fylla þessa viðsjárverðu gloppu í stjórnkerfinu með viðbúnaði til þess að koma í veg fyrir að fjármálakreppa hvolfist yfir á ný – eða að minnsta kosti draga úr hættu á því. Þáttur í þessari viðleitni er að fela seðlabanka og fjármálaeftirliti með skýrum og ótvíræðum ákvæðum í lögum að stuðla að fjármálastöðugleika – stöðugleika fjármálakerfisins í heild – og því að efla viðnámsþrótt þess og draga úr kerfisáhættu. Þá eru meginverkefni seðlabanka orðin tvö, en ekki eitt, þ.e. verðstöðugleiki og fjármálastöðugleiki. Til þess að sinna þessu tvíþætta verkefni duga ekki vextirnir einir, þótt ef til vill megi nota þá með virkari hætti til að hamla gegn bóllumyndun en gert var í aðdraganda fjármálakreppunnar. Til þurfa að koma ný stjórnþæki sem nota mætti sem þjóðhagsvarúðartæki til þess að hamla gegn óhóflegum vexti útlána og skuldsetningar í heild. Hér koma ýmis ráð til álit, svo sem kröfur um hagsveiflujafnandi eiginfjárlutföll fjármálafyrirtækja, breytilegar eiginfjárkröfur til þeirra eftir greinum viðskipta, beinar takmarkanir á skuldsetningarhlutföll, veðhlutföll og greiðslubyrði lántakenda. Við framkvæmd slíkrar stefnu er nauðsynlegt að treysta samstarf fjármálaeftirlits og seðlabanka. Það er afar mikilvægt að seðlabankar og fjármálaeftirlit fylgist af skarpri athygli með lánakerfinu sem heild og leiti leiða – og beiti þeim – til að hamla gegn óhóflegum vexti útlána og skuldsetningar í hagkerfinu – ekki síst skuldsetningar fjármálafyrirtækjanna sjálfra. Til þess að hrinda fram slíkri stefnu þarf nánara samstarf ríkisstjórnar, seðlabanka og eftirlitsaðila en verið hefur. Tillögur í þessa veru eru þegar fram komnar í stjórnarfumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi um Fjármálastöðugleikaráð. Peningamálastjórn með verðbólguþakmiði er í eðli sínu tæknilegra og sérfræðilegra – og um leið reyndar einfaldara verkefni – en framkvæmd fjármálastöðugleikastefnu. Fjármálastöðugleiki er fjölþætt markmið og oft viðkvæmara á pólitíska vísu en verðbólguþakmiðið eitt og sér. Framundan eru án efa breytingar á þessu sviði stjórnarfars hér á landi eins og annars staðar, breytingar sem munu kalla á nýja skilgreiningu á sjálfstæði seðlabanka. Í því efni eru holl ráð Jóhannesar Nordal gott veganesti.

Fjölhæfur forystumaður

Þegar ég kom heim frá námi við Stokkhólmsháskóla í ársbyrjun 1964 réðst ég til starfa í Efnahagsstofnun. Að því kom fljótlega að ég var

kvaddur fyrir stjórn stofnunarinnar til þess að gera grein fyrir verkefnum sem mér höfðu verið falin. Í stjórninni sátu þá Jóhannes Nordal, Benjamín Eiríksson, Klemens Tryggvason, hagstofustjóri, og Sigtryggur Klemensson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, auk forstjórans Jónasar Haralz. Það var mér sem ungum manni bæði lærdómsrík og ánægjuleg reynsla að kynnast á þessum vettvangi helstu hagfræðingum landsins, sem allir reyndust menn hógværir, einlægir og tillögugóðir um verkefnin. Sem starfsmaður Efnahagsstofnunar og Þjóðhagsstofnunar, og síðar sem viðskipta- og iðnaðarráðherra, og í störfum mínum á vettvangi alþjóðastofnana, kynntist ég enn betur rökvisi, vandvirkni og vinnusemi Jóhannesar Nordal á þeim fjölmörgu sviðum þar sem honum voru falin vandasöm verkefni.

Hann er góður samstarfsmaður og slyngur samningamaður – þægilegur í viðmóti, manna háttvísastur, laus við allt yfirlæti – umtalsfrómur, fróður og viðræðugóður. Lagni hans, lipurð og þekkingu á því efni sem um var fjallað hverju sinni í samningum var við brugðið, og hann ávann sér ávallt fyllsta traust bæði umbjóðenda sinna og viðsemjenda. Skarpskyggn er hann á kjarna hvers máls og einkar lagið að setja jafnvel hin flóknustu mál fram á einfaldan og skiljanlegan hátt því að hann er maður orðvís. Hann er fádæma mikilvirkur án þess að fara sér óðslega. Ritstörf hans – oftast unnin við hlið mikilla embættisanna – eru mikil bæði að vöxtum og gæðum. Til hans er gott að leita þegar að krepfir, því að hann hefur rósemi hugans þegar úr vöndu er að ráða.

Jóhannes setti svip á íslenskt samfélag á öldinni sem leið. Hann hefur til að bera þá eðliskosti sem best mega prýða hvern forystumann: vitsmuni, hófsemi og góðvild. Það var mikils virði fyrir Íslendinga að eiga Jóhannes Nordal sem tákmynd Seðlabanka Íslands í samskiptum við alþjóðastofnanir, banka og fyrirtæki annarra þjóða í meira en þrjá áratugi því að hann naut hvarvetna virðingar, trausts og vinsælda.

Eftir að Jóhannes hvarf úr sæti sínu í Seðlabankanum hefur hann ekki setið auðum höndum. Meðal annars átti hann um síðustu aldamót drjúgan hlut að sáttagerð í deilum um sjávarútveg og náttúruauðlindir og gjald fyrir afnot af þeim. Þá hefur hann haft forgöngu um merka bókaútgáfu, ekki síst sem forseti Hins íslenska fornritafélags, sem gegnir miklu menningarhlutverki. Hvort sem Jóhannes fjallar um efnahag og auðlindir eða fræði og fagar listir vandar hann jafnt til máls sem efnis. Framlag hans til íslensks samfélags verður seint fullpakkað.

Við þessi tímamót á ævi Jóhannesar vil ég þakka honum fyrir gott og farsælt samstarf og vináttu um áratugaskeið og óska honum og fjölskyldu hans velfarnaðar og heilla um ókomin ár.

